



CISCO LINKSYS E4200 V2

FYRSTA UPPSETNING



TENGDU NETBEINI

Byrjaðu á því að taka netbeini og straumbreyti úr pakningu. Komdu netbeini fyrir á góðum stað og forðastu að setja hann inn í skáp eða lágt við gólf. Staðsetning hefur mikil áhrif á afköst og drægni. Tengdu netsnúruna sem fylgir með í Internet raukina (gulmerkt). Tengdu netbeini við straumbreyti (Power) og kveiktu á honum með On/Off sleðanum aftan á tækinu.



TENGDU TÖLVU

Ef nota á netbeininum þráðlaust er best að byrja á því að tengja sig við hann með netsnúru frá tölvu í Ethernet rauf. Opnið svo vefsíðu netbeinis í vafra með slóðinni <http://192.168.1.1>

Sláið inn notandagildi inn á vefsíðuna: *user* er **admin** og *password* er líka **admin**. Vodafone mælir með því að þessum gildum sé breytt. Hægt er að breyta þeim undir **Administration** flípanum á vefviðmóttinu.

Smellið á *Wireless* flípann ofarlega á fyrstu síðunni og þá koma upp stillingar fyrir þráðlaust net.



Hér fyrir neðan má sjá dæmigerðar stillingar fyrir þráðlausa netið. Vodafone mælir með **manual** stillingum þar sem nýlega var sýnt fram á öryggisgalla í WiFi Protected Setup (WPS).

The screenshot shows the Cisco Linksys EA4500 wireless configuration interface. The 'Wireless' section is active, and the 'Manual' option is selected for both the 5 GHz and 2.4 GHz wireless settings. The 5 GHz settings include a Network Name (SSID) of 'Net1-5GHz', Security Mode of 'WPA2 Personal', and a Channel Width of '40 MHz Only'. The 2.4 GHz settings include a Network Name (SSID) of 'Net2', Security Mode of 'WPA2 Personal', and a Channel Width of '20 MHz Only'. Both networks have 'SSID Broadcast' set to 'Enabled'. The page includes a 'Save Settings' button and a 'Cancel Changes' button.

Linksys E4200 getur sent þráðlaust merki á tveimur rásum og undir tveimur nöfnum: 2,4GHz og 5 GHz. Hægt er að velja stillingar eftir þörfum. Vodafone mælir með því að senda út á báðum tíðnum og hafa mismunandi nöfn. Vodafone mælir einnig með WPA2-Personal dulkóðun sem notar mjög erfitt lykilorð til að auka öryggi.

- Setjið 5 GHz netið á *40 MHz only* og notið það fyrir nýrri netkort sem styðja þá tíðnir. Aukin afköst nást með þeim tíðnum.
- Setjið 2,4 GHz netið á *20 Mhz only* og notið það fyrir eldri netkort og snjalltæki (síma og spjaldtölvur) sem að öllum líkindum styðja ekki 5 GHz og/eða 40 MHz.

Þeir sem ætla að nýta sér simultaneous Dual-band eiginleika Linksys E4200, eða +450 Mb/s hraðann þurfa til þess Dual-band þráðlaust netkort og þurfa að skipta netinu í tvennt eins og lýst er að ofan.

Meira um Simultaneous Dual-band hér: <https://www.flashrouters.com/blog/2011/07/07/the-benefits-of-simultaneous-dual-band-routers-vs-selectable-dual-band-routers/>

Leiðbeiningar frá Cisco er að finna hér: <http://homesupport.cisco.com/en-us/support/routers/E4200>